



Reglugerð fyrir Knattspyrnudeild Fylkis

1. gr. Nafn og aðsetur

Deildin heitir Knattspyrnudeild Fylkis, með aðsetur að Fylkisvegi 6 í Reykjavík. Deildin kys sér stjórn. Hún skal vera sérstakur lögaðili og hafa eigin kennitölu.

2. gr. Markmið.

Tilgangur knattspyrnudeildar er útbreiðsla og iðkun knattspyrnuíþróttarinnar og að vinna að heilbrigðu, þroskandi, ánægjulegu og fjölbreyttu félagslífi á félagssvæði Fylkis.

3.gr. Stjórn deildarinnar og hlutverk hennar

Stjórn knattspyrnudeildar skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi/endur. Auk þess skipa þrír formenn sérráða stjórnina. Sérráðin eru Barna- og unglingaráð, Meistaraflokksráð karla og Meistaraflokksráð kvenna. Vægi atkvæðis formanns vegur tvöfalt.

Enginn sem kosinn er til setu í stjórn knattspyrnudeildar getur jafnframt verið í sérráði samtímis. Fullskipuð stjórn Knattspyrnudeildar Fylkis er samkvæmt þessu skipuð 8 mönnum.

Stjórn knattspyrnudeildar ber ábyrgð á rekstri og starfsemi deildarinnar. Felst m.a. í því að móta stefnu og samræma störf hennar, bera ábyrgð á fjármálum, stjórn- og starfsemi sérráða og annast samskipti við aðalstjórn félagsins og aðra utananað-komandi aðila. Stjórn knattspyrnudeildar skipar fulltrúa í sérráðin. Leysir úr ágreiningi ef þurfa þykir sem upp kann að koma á milli ráða og/eða innan þeirra.

Stjórn skal árlega gera fjárhagsáætlun skv. nánari ákvörðun aðalstjórnar félagsins og skal hún send aðalstjórn til umsagnar. Skal hún liggja fyrir 2 vikum fyrir aðalfund deildarinnar. Á aðalfundi Íþróttafélagsins Fylkis sem haldinn skal fyrir lok maí ár hvert skal leggja fram staðfestan ársreikning knattspyrnudeildar fyrir liðið almanaksár.

Stjórninni ber að staðfesta og samþykkja allar meiriháttar ákvarðanir og samninga sérráða, s.s. ráðningu fastra starfsmanna og þjálfara, kaup og sölu leikmanna og stærri fjáraflanir. Allar meiriháttar ákvarðanir ber stjórn knattspyrnudeildar að bera undir aðalstjórn Fylkis áður en ákvörðun er tekin. Jafnframt ber að kynna allar meiriháttar fjáraflanir sem deildin hefur hug á að taka upp fyrir aðalstjórn Fylkis til umsagnar mánuði áður en fjáröflun hefst.

Stjórn er skylt að skrá alla sem æfa hjá viðkomandi deild. Knattspyrnudeild ber fulla ábyrgð á skuldbindingum sínum gagnvart aðalstjórn félagsins. Deildin skal halda gerðarbók um störf sín.

Knattspyrnudeild hefur ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum.

4.gr. Stjórnarkjör

Stjórn knattspyrnudeildar Fylkis skipa 5 stjórnarmenn. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi knattspyrnudeildar. Aðrir stjórnarmenn, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, skulu kosnir í sameiginlegri kosningu. Stjórnin skiptir með sér verkum Kjörtímabil stjórnar er eitt ár, eða fram að næsta aðalfundi. Vægi atkvæðis formanns knattspyrnudeildar vegur tvöfalt.

Láti stjórnarmaður/menn af störfum milli aðalfunda getur stjórn deildarinnar ávallt óskað eftir því við aðalstjórn Fylkis að hún boði til auka aðalfundar knattspyrnudeildar til þess að kjósa nýja stjórnarmenn í þeirra stað.

Auk þess skipa þrír formenn sérráða stjórnina. Fullskipuð stjórn Knattspyrnudeildar Fylkis er skv. þessu skipuð 8 mönnum.

5.gr. Aðalfundur knattspyrnudeildar

Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis skal haldinn í október ár hvert, með heimild aðalstjórnar, skv. 2. másl. 1. mgr. 17. gr. laga fyrir Íþróttafélagið Fylki. Sömu reglur gilda um boðun og dagskrá aðalfundar knattspyrnudeildar, sem um aðalfund félagsins. Skal hann auglýstur með minnst 2 vikna fyrirvara í dagblaði.

Hann telst löglegur sé löglega til hans boðað. Aðalfundur knattspyrnudeildar hefur æðsta vald í öllum málefnum Knattspyrnudeildar Fylkis innan þess ramma sem lög félagsins kveða á um.



Rétt til atkvæðisréttar á aðalfundi knattspyrnudeildar eiga skuldlausir félagsmenn 12 ára og eldri.

Tillögur um reglugerðarbreytingar skulu berast stjórn knattspyrnudeildar minnst 10 dögum fyrir aðalfund og skulu þær kynntar á heimasíðu knattspyrnudeildar minnst 7 dögum fyrir aðalfund.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn knattspyrnudeildar skulu tilkynna það til Uppstillingarnefndar knattspyrnudeildar minnst 7 dögum fyrir aðalfund. Uppstillingarnefnd hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á aðalfundi ef þurfa þykir, ma. ef ekki berast framboð. Uppstillingarnefnd skal kynna frambjóðendur til stjórnarkjörs á heimasíðu knattspyrnudeildar eins tímalega fyrir aðalfund og þess er kostur. Uppstillingarnefnd skal skipuð þremur mönnum.

Á aðalfundi knattspyrnudeildar gilda almenn fundarsköp. Tillögur um reglugerðarbreytingar þurfa samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Einfaldur meirihluti nægir til samþykkis annarra tillagna. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum, nema í kosningu á milli manna, þá ræður hlutkesti.

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá aðalfundar hverju sinni:

- Fundarsetning
- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur sérráða
- Kynning á fjárhagslegu milliuppgjöri deildarinnar (janúar til september)
- Kosning stjórnar skv. 4. gr.
- Fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.
- Reglugerðarbreytingar
- Kosning Uppstillingarnefndar fyrir næsta aðalfund
- Önnur mál
- Frestun aðalfundar til framlagningar ársreiknings ásamt öðrum málum sem eru löglega borin upp.

Framhaldsaðalfund skal halda ef ekki reynist unnt að ljúka störfum aðalfundar svo sem reglugerð þessi mælir fyrir um. Fundinn skal halda svo fljótt sem auðið er og gilda sömu reglur um boðun hans og aðalfundar. Geta skal dagskrár í fundarboði. Vanræki knattspyrnudeild að halda aðalfund á tilskildum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

6.gr. Sérráð knattspyrnudeildar

Sérráð knattspyrnudeildar Fylkis eru þrjú:

- Barna- og unglíngaráð
- Meistaraflokksráð karla
- Meistaraflokksráð kvenna

Stjórn knattspyrnudeildar skipar formenn og stjórnir sérráða sem starfa í umboði hennar.

Stjórn knattspyrnudeildar setur stjórnnum sérráða erindisbréf, þar sem kveðið á um hlutverk, starfshætti, ábyrgð og skyldur sérráða.

7. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett á auka aðalfundi Knattspyrnudeildar Fylkis 2. desember 2004 og öðlast hún gildi þegar í stað með samþykki aðalstjórnar félagsins.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á auka aðalfundi Knattspyrnudeildar Fylkis, sem haldinn er 2. desember 2004 skal kjósa nýja stjórn fyrir Knattspyrnudeild Fylkis skv. reglugerð þessari. Fara skal um stjórnarkjör eftir 4. gr. reglugerðarinnar.